

Deiliskipulag Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla, og Vegmúla

Breyting á deiliskipulagi

Greinargerð


Í gildi er deiliskipulag Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla, samþykkt 30. apríl 2002, með síðari breytingum.

Markmið breytingarinnar er að samræma skipulagsmörk gildandi deiliskipulags við nýtt deiliskipulag Borgarlínu, 1. lotu – Suðurlandsbraut, og tryggja skýra og samræmda framsetningu skipulagsgagna meðfram Suðurlandsbraut.

Breytingin felst í því að skipulagsmörk meðfram Suðurlandsbraut, við Hallarmúla og Vegmúla, eru færð að mörkum hinnar nýju deiliskipulagsáætlunar.

Jafnframt er framsetning bílastæða samræmd þannig að útfærsla og staðsetning bílastæða við Suðurlandsbraut verða ekki sýnd á deiliskipulagsuppdrætti. Gildandi deiliskipulagsskilmálar haldast óbreyttir og kveða á um fjölda bílastæða í hlutfalli við byggingarmagn á hverri lóð. Nánari útfærsla bílastæða verður ákveðin á verkhönnunarstigi, við hönnun og frágang lóða, í samræmi við þá skilmála.

Að öðru leyti haldast gildandi skilmálar óbreyttir.



Skýringarmynd – Breyting á deiliskipulagi ásamt deiliskipulagsáætlun Borgarlínu, 1. lotu – Suðurlandsbraut.



Hluti úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Skýringar

- Skipulagsmörk - núverandi
- Skipulagsmörk - ný
- Skipulagsmörk - breyting
- Aðkoma - leiðbeinandi staðsetning

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____ þann _____ 20__

og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

_____ Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Deiliskipulag Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla, og Vegmúla


Breyting á deiliskipulagi

MKV: 1:2000

ÚTGÁFA DAGS: 25. febrúar 2026

BLAÐST/ERÐ: A2

TEIKNAD AF: HIRG



Gildandi deiliskipulagi, með síðar breytingu.

1:2000 mkv.



Breyting á deiliskipulagi

1:2000 mkv.